



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Venslasamningur liða

Samkvæmt neðangreindum samningi þá gera hér með liðin _____ (A) og _____ (V) í _____ (félag) með sér svohljóðandi venslasamning fyrir tímabilið frá dags: _____ og gildir til loka keppnistímabilsins _____.

Staður og dags: _____

Samþykkt liðs A: _____ fyrirliði.

Samþykkt liðs V: _____ fyrirliði.

Samþykkt félags: _____ stjórnarmaður.

Venslasamningur þessi er gerður samkvæmt Reglugerð KLÍ um venslasamninga liða – sjá hér að neðan.

Móttekið dags _____ . **Undirskrift f.h. KLÍ:** _____

Venslasamningar

10. grein

Um venslasamninga

Venslasamningur liða felur í sér að tvö lið innan sama félags gera samning sín á milli um að þau geti skipst á leikmönnum. Samningur tekur gildi þegar hann hefur verið birtur á heimasíðu KLÍ. Eftir að samningur tekur gildi verða leikmenn hlutgengir með báðum liðum út leikárið.

Einungis er hægt að gera einn venslasamning á hverju leikári.

Skráningargjald vegna venslasamninga skal ákveðið í gjaldskrá KLÍ.

11. grein

Hlutgengi leikmana

Lið sem gera venslasamning sín á milli mega ekki leika í sömu deild í Íslandsmóti liða og verða að vera af sama kyni.

12. grein

Gildi venslasamninga á Íslandsmóti liða

Venslasamningur gildir í Íslandsmóti liða skv. eftirfarandi ákvæðum.

Allir leikmenn beggja liða eiga rétt á því að spila 9 leiki með gagnstæðu liði án takmarkana.

Þegar leikmaður hefur spilað 9 leiki með gagnstæðu liði er honum óheimilt að leika með báðum liðum í sömu leikviku. Hafi leikmaður leikið með sínu liði fyrir í leikvikunni telst hann ólöglegur leikmaður í öllum leikjum umfram 9 leiki með gagnstæðu liði í þeirri leikviku.

Leikvika hefst á laugardegi og endar á föstudegi. Frestaðir leikir skulu teljast til þeirrar leikviku sem þeir eru leiknir í.

13. grein

Gildi venslasamninga í Bikarkeppni liða

Venslasamningur gildir í bikarkeppni liða skv. eftirfarandi ákvæðum.

Leikmaður getur aðeins leikið í bikarkeppni liða með því liði sem hann leikur fyrir með á tímabilinu.

Hafi leikmaður leikið með hinu liðinu fyrir á tímabilinu telst hann ólöglegur leikmaður í öllum leikjum seinna liðsins þar sem eftir lífir leikársins.